



Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2020

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2020 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 8. ágúst 2020 kl. 13.00.

Dagskrá þingsins er:

- 1) Þingsetning
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Staðfesta lögmæti fundarins.
- 4) Kosning kjörbréfanefndar
- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings.
- 6) Afhending viðurkenninga.
- 7) Ávörp gesta.
- 8) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
- 9) Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skoðunarmanna)
- 10) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
- 11) Reikningar bornir undir atkvæði.
- 12) Fjárhagsáætlun
- 13) Lagabreytingar
- 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
- 15) Kosning stjórnar og varamanna.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- 17) Val fulltrúa á íþróttaping.
- 18) Önnur mál.
- 19) Ávarp formanns.
- 20) Þingslit.

1) Ingimar Ingimarsson formaður setti þingið og bauð mætta velkomna.

2) Fundastjóri var kosinn Pétur Marteinn Urbancic Tómasson. Fundarritari var kosinn Auður Tinna Aðalbjarnardóttir. Pétur tekur til máls og þakkar traustið.

3) Fyrst þarf að staðfesta lögmæti þingsins. Pétur spyr hvort einhver geri athugasemdir við boðun eða lögmæti þingsins. Engar athugasemdir voru gerðar og fundurinn telst því löglegur.

4) Næst er kosning kjörbréfanefndar. Jóhannes Bjarki Urbancic, Styrmir Stefnisson og Kristjáni Örn Eliasson voru tilnefndir og voru þeir kosnir af þinginu. Kjörbréfin voru af nefnd samþykkt einróma.

5) Pétur auglýsir eftir umræðum um fundargerð síðasta þings. Engar athugasemdir eru gerðar við hana og er hún samþykkt einróma.

6) Ekki voru veittar viðurkenningar fyrir störf fyrir BTÍ að þessu sinni.

7) Næst er ávarp gesta. Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ flytur ávarp. Andri fjallar um áhrif Covid-19 á íþróttaiðkun í landinu og stefnumótunar- og milliliðarhlutverk ÍSÍ í því sambandi. Andri fjallar um að það sé hlutverk BTÍ að vera sameiningaraðili gagnvart öllum félögum líkt og ÍSÍ var sameiningaraðili í þessu. Andri fjallar um kröfur ÍSÍ gagnvart BTÍ vegna afreksjóðs þar sem hann sinnir því fyrir sambandið, farið er yfir hvern lið og stundum er eitthvað fellt niður sem félög hefðu getað fengið, þar sem þau hafa ekki nýtt. Búið að fresta Smáþjóðaleikunum 2021 til 2023 vegna Covid. Hvetur unga fólkið og fundarmenn til að horfa sérstaklega til mótsins 2023 og að undirbúa sig undir það.

Andri þakkar Ingimar fyrir samstarfið undanfarin áratug og hvetur til þess að fleiri leggi hönd á plóginn þar sem það hafi verið nokkuð fáir aðilar sem hafi borið þungan af starfinu undanfarin ár, líkt og oft gerist hjá minni samböndum. Hann óskaði borðtennisfólki velfarnaðar í áframhaldandi starfi og hvatti fundarmenn til dáða.

8) Þá gefur stjórn skýrslu. Ingimar Ingimarsson tekur til orðs. Fer hann yfir helstu atriði ársskýrslunnar og að hann muni ekki gefa kost á sér í starf formanns að nýju. Er hann ánægður með fjölgun aðildarfélaga, 17 í stað 21 síðast. Er ánægður með skýrleika reglugerða, aukningu í menntun þjálfara, aukningu í þátttöku í kvennaflokkum, þátttöku stórra hópa leikmanna í æfingum og mótum erlendis, betri niðurstöður í keppnum eins og Arctic Open. Einnig ánægður með að fleiri félög eigi sterka leikmenn og haldi stærstu mótin innan hreyfingarinnar. Hann fjallaði um Covid og áhrif þess á starfið, að fjölmörg mót hafi verið felld niður, bæði innanlands og utan. Sum erlendis eins og Evrópumót unglunga á síðustu stundu. Hann nefndi sérstaklega að 17. ágúst nk. ljúki skráningarfresti á Evrópumótið í Póllandi, ný stjórn þurfi að ákveða með það, þ.e. ef það verður ekki fellt niður eins og EM unglunga. Hann þakkaði samferðarfólki sínu í stjórn undanfarin ár, þeim Auði Tinnu og Hlöðveri sérstaklega og fyrir það traust sem hann hefur notið. Hann verði hvíldinni feginn og muni snúa sér í auknum mæli að þjálfun leikmanna.

9) Næst er grein gerð fyrir ársreikningum. Ingimar Ingimarsson, formaður sambandsins fer yfir reikningana. Bendir á að gjaldkeri sambandsins hætti á miðju tímabili og annar tók við - sá hafi ekki haft tök á því að sinna því eins og hann hefði viljað vegna annríkis. Bókhaldsstofan Fastland hafi verið fengin til að gera reikningana. 2 bókhaldarar gerðu hana glæsilega, og mælir Ingimar með því að ný stjórn feli

sömu stofu utanhald með bókhald sambandsins. Kröfur ÍSÍ um reikningsskil hafi aukist mikið undanfarið og gott væri fyrir sambandið að geta með skömmum fyrirvara sent ÍSÍ skýr yfirlit um fjárhag. Eigi þetta sérstaklega við um Afrekssjóðinn þar sem ÍSÍ þarf að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart ríkinu. Tap var á rekstri sambandsins í kringum 1,5 milljón bæði árin vegna uppsafnaðs hagnaðar árin á undan og þess að ekki var hart gengið á kostnaðarþátttöku unglingalandsliðs eða landsliðsfólks. Það sé ekki hlutverk sambandsins að safna peningum á reikningum heldur nýta þá til góðra verka. Ingimar fór yfir helstu innkomu- og útgjaldaliði.

Góð og heilbrigð staða sé á reikningum nú, um 8,5 m.kr., m.a. vegna Covid. Ýmis föst og fyriséð útgjöld vegna móta erlendis frá því í mars sl. hafi fallið niður.

10) Þá fara fram umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Pétur Stephensen frá Btd. Víkinga segir að ekki sé gott að vera með tap bæði árin, jafnvel þótt það sé viljandi gert. Er ánægður með uppsetningu reikninganna. Hann gerði athugasemdir varðandi fjölda leikmanna í KR og Víkingi og taldi að þær tölur gætu ekki staðist. Hann þakkaði Ingimar góð störf sem formaður. Hann nefndi að virkja þyrfti meira starf í nefndum sambandsins. Hans upplifun hafi verið að mótanefnd hafi verið Hlöðver einn og hann viti ekki hverjir séu í landsliðsnefnd og útbreiðslunefnd - telur að næsta stjórn eigi að bæta úr þessu. Hann segir það skoðun Víkinga að fella eigi niður þau mót sem eftir voru af vorönn og frestað til hausts (þau tvö sem eru á dagskrá).

Ingimar svarar því varðandi nefndir sambandsins að rétt sé að rýna til gagns og kemur með ýmsa punkta um margt hafi verið reynt með nefndir sambandsins. Ekki hafi reynst vel að skipa formenn nefnda utan stjórnar en starf hafi þá viljað koðna niður innan nefnda. Best hafi reynst að formenn nefnda hafi verið stjórnarmenn sem hafi leitað eftir nefndarmönnum með sér utan stjórnar. Ný stjórn eigi endilega að skoða þetta vel.

Örn Þórðarson frá HK spyr af hverju bæði séu ársreikningar 2018 og 2019 undir. Ingimar greinir frá því að þetta hafi undanfárin ár verið tekið saman í tengslum við ársþing sem eru á tveggja ára fresti. Ingimar segir að þessu þurfi að breyta og stjórn þurfi að hafa ársreikninga sína tilbúna í byrjun hvers árs en ekki vinna saman í tengslum við undirbúning á ársþingi eins og gert hefur verið.

Sigurður Eiríksson frá Samherjum þakkar fyrir skýra skýrslu. Hann segir að það sé bjargföst skoðun sín að sambandið eigi að koma sér upp starfsmanni í hlutastarfi. Mikil sóknarfæri séu í því.

Mælir með að félög taki að sér þá vinnu að vera fyrirmyndarfélög, eins og Andri hvatti til. Sigurður segir að Samherjar séu að taka starfsmann sinn upp úr hlutastarfi í 100% starf og það muni ótrúlega miklu,

sérstaklega fyrir hann sem stjórnarformann. Endurtekur að þetta sé forgangsatriði að hans mati - með þessu móti muni líka hagsmunatenging við félög minnka, starfsmaður geti staðið utan við slíkt.

Kvartar yfir lélegri þátttöku á aldursflokksamótinu fyrir norðan síðastliðinn vetur, tveir KR-ingar. Hann var sár að menn létu ekki vita nógu vel að þeir kæmust ekki. Hvetur til þess að menn láti vita.

Ingimar og Bjarni svara þessu stuttlega.

Örn tekur til máls á ný og telur að samskiptin innan hreyfingarinnar og samstarfið megi batna enn meira. Hann vill að menn leggi meiri áherslu á vinsemd og samstarf. Ber þetta saman við reynslu sína af fyrri íþróttum og fyrirtækjarekstri og telur að hér megi bæta málin, sérstaklega þar sem íþróttin sé ekki ýkja stór á Íslandi og náandin mikil milli þeirra sem íþróttinni unna. Hann telur að allir eigi að ýta vagninum áfram saman.

Ársæll Aðalsteinsson Víkingi tekur til máls og þakkar fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf. Varðandi mótahald síðasta vetrar telur hann líkt og Pétur Stephensen að best sé að fella niður þetta tvennt sem eftir sé.

Deildin á fimm helgum yfir veturinn. Telur að öðrum mótum hafi fækkað til muna og þeir sem komi nýir inn hafi ekki nógu mörg mót. Telur að huga eigi að þeim sem eru að koma nýir inn í þetta eins og þeim sem eru fullorðnir (ekki bara þeim sem eru ungir). Erfitt sé að finna þeim stað.

Ber virðingu fyrir þeim sjónarmiðum að senda leikmenn og þjálfara erlendis og og vill að stjórn hugi að því bili (getumun) sem myndast ef alltaf sömu aðilar fara út. Það sé ekki skemmtilegt.

Auður Tinna tekur til máls og tekur undir sjónarmið Ársæls um skort á mótum fyrir nýja fullorðna keppendur, færri slík séu í tengslum við að deildin sé um helgar, hins vegar hafi aldursflokksamótið verið jafnmörg á ári undanfarin ár. Auður útskýrir varðandi þau mót sem frestað var að í frétt á vefsíðu BTÍ komi fram að ný stjórn eigi að skoða með og tilkynna úrslitakeppnina eigi síðar en 1. september nk. Hvað gera skyldi hafi mikið verið rætt innan stjórnar og niðurstaðan sú að færa úrslitakeppnina til haustins leyfðu aðstæður í samfélaginu það. Umræður um hvort fresta ætti Íslandsmóti unglunga hafi ekki verið eins heitar þar sem engar takmarkanir stjórnvalda hafi verið um árganginn 2005 og yngri, sem þetta mót tekur einkum til. Hafi verið samhugur um það það mót yrði haldið.

Sigurður tekur aftur til máls og bendir aðeins á þetta með 2. deildina fyrir norðan erfitt hafi verið að klára hana vegna Covid.

Pétur spyr Sigurð hvort ekki hafi verið dagsetning sem klára hafi átt hana fyrir. Pétur telur að fyrirkomulag Raflandsdeildarinnar um helgar sé ekki nógu gott. Pétri fannst betra að spila heima og

heiman á virkum dögum. Segist sakna hins fyrra fyrirkomulags og hvetur nýja stjórn til að skoða hvort breyta eigi þessu til fyrra horfs.

Ingimar segir að ofsalega mikil orka hafi farið í þetta heima og heiman, frestanir og ótrúleg orka í að fara í að finna dómara. Á tímabilum hafi öll orka stjórnarmanna farið í það eitt að stýra deildinni með því fyrirkomulagi. Telur að núverandi fyrirkomulag hafi gefist vel og almenn ánægja sé með það meðal leikmanna í deildunum. En tekur undir orð Ársæls að gott væri fyrir unglinga utan úrvalshóps og nýja fullorðna að fá fleiri mót og mögulega mætti það vera með litlum fyrirvara í miðri viku. Ný stjórn ætti að kanna þetta sérstaklega.

Pétur telur að mót séu of löng almennt og ekki fjölmiðlavæn og telur að þessu eigi að breyta.

Andri tekur til máls og hvetur til endurskoðana vegna fjárhagsáætlana 2020 og 2021 (Smáþjóðaleikar felldir niður t.d. og fleira í tengslum við afrekssjóð). Andri tekur undir það sem Örn sagði áðan og hvetur til þess að öllum skotgrafarhernaði sé hætt. Litlar íþróttir eins og sund og frjálsar hafi grætt ótrúlega mikið á því.

Utan dagskrár: Kristján Örn kannar með mætingu vegna kjörbréfanefndar. Akur er með 3 fulltrúa og Markús er mættur í gegnum myndsimtal, það er eina óvenjulega atriðið. Fundarstjóri spyr hvort einhver hafi athugasemd. Engar athugasemdir voru gerðar. Fulltrúar eru 30.

11) Reikningar bornir upp og eru þeir samþykktir með skýrum meirihluta atkvæða.

12) Fjárhagsáætlun næst á dagskrá. Ingimar segir að leiðrétt verði það sem Andri lagði til (breytingar vegna afrekssjóðs og Smáþjóðaleika).

Jóhannes leggur til að að hækka móta- og útbreiðslukostnað í a.m.k. það sem ÍSÍ leggur til. Samþykkt með skýrum meirihluta atkvæða.

Ársæll spyr afhverju kostnaður við landslið og unglingalandslið verði mun meiri 2021 en 2020? Ingimar svarar því til að árinu 2020 hafi aðeins ein ferð verið farin, þ.e. til Lettlands (Riga city council cup, unglingalandslið) í febrúar vegna Covid. Landslið og annað starf græði á uppsöfnuðu fé árið eftir (2021) sé hugmyndin.

Kaffihlé gert

Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

13) Lagabreytingartillögur eru næstar á dagskrá. Engar lagabreytingar eru lagðar fram.

14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist. Engar.

15) Næst fer fram kosning stjórnar og varamanna. Kosið er til tveggja ára. Pétur Stephensen tilnefnir Kristján Örn Elíasson sem staðfestir framboðið.

Skúli Gunnarsson tilnefnir Kára Mímisson en hann hafi staðfest framboðið.

Ingimar Ingimarsson tilnefnir Örn Þórðarson. Hann treysti honum best til þessara verka. Eftir nokkra umhugsun þá samþykkir Örn tilnefninguna.

Kristján kýs að draga framboð sitt til baka.

Skúli Gunnarsson tilkynnir að Kári Mímisson dragi framboð sitt til baka einnig.

Fundarstjóri spyr Örn, stendur þú keikur? Já, ætli það ekki svarar Örn.

Örn hlýtur öll atkvæði fundarins. Er kjörinn einróma.

Næst er komkð að kosningu almennra stjórnarmanna.

Auður Elín Ögmundsdóttir tilnefnir sig.

Tómas Ingi Shelton tilnefnir Markús Meckl. Einnig tilnefnir hann Jóhannes Bjarka Urbancic Tómasson.

Skúli Gunnarsson tilkynnir að Kári Mímisson bjóði sig fram.

Pétur Stephensen tilnefnir Kristján Örn Elíasson.

Kristján Aðalbjörn Jónasson tilnefnir Hákon Atla Bjarkason.

Kaffihlé

Kristján Örn tilkynnir að hann vilji ekki bjóða sig fram og Brynjar Marínó Ólafsson vilji bjóða sig fram fyrir hönd Víkinga.

Kjörseðlum er dreift og kynnt að hver kjósandi skuli skrifa 4 nöfn á blað. Kosningin er leynileg og leggja kjósendur blað sitt samanbrotið í kassa. Eina óvenjulega atriðið er að Jóhannes Bjarki mun kjósa f.h. Akurs en Markús Meckl er í netsamskiptum við Jóhannes Bjarka, þetta er tekið fram svo allir heyri.

Jóhannes segir sig úr kjörbréfanefnd vegna hagsmunaárekstrar (þessa atriðis með Markús).

Fundarstjóri lýsir eftir tilnefningum fyrir nýjan aðila í kjörbréfanefnd og Skúli Gunnarsson býður sig fram og er hann kosinn af fundinum.

Kaffihlé - kjörbréfanefnd telur atkvæði

Kristján Örn Elíasson kynnti niðurstöður kosningarinnar. Greindi hann frá því að allir þeir sem í kjöri hafi fengið mörg atkvæði. Í aðalstjórn hlutu kosningu þau Hákon, Kári, Markús og Jóhannes.

Einn atkvæðaseðill hafi verið ógildur en 29 gildir og taldir.

Næst var kosið til varastjórnar.

Í varastjórn eru í kjöri: Pétur Stephensen tilnefnir Kristján Örn Eliasson og Brynjar Marínó Ólafsson. Kristján afþakkar. Pétur tilnefnir þá Styrmí Stefniðsson í staðinn. Ingimar Ingimarsson tilnefnir Auði Elínu Ögmundsdóttur sem var í kjöri í aðalstjórn en hún afþakkar.

Auður tekur til máls um að hún sé ósátt við að hafa ekki verið kosin, sem eina konan í framboði og einstaklingur sem sé „ótengdur“. Ekki sé gott að engin kona sé í stjórn sambandsins. Huga þurfi sérstaklega að þessu í lögum sambandsins. Pétur og Ársæll taka undir að slæmt sé að engin kona sé í stjórn. Ingimar tekur undir það líka. Pétur lýsir óánægju sinni með að enginn Víkingur sé í stjórn. Telur það fráleitt.

Reynir Björgvinsson tilnefnir Stefán Stefánsson frá Selfossi en Stefán afþakkar. Pétur tilnefnir Bjarna Þorgeir Bjarnason. Bjarni afþakkar. Vill að gengið sé til kosninga þar sem þeir hafi þegar lýst yfir framboði.

Engin fleiri framboð. Samþykkt með lófaklappi.

16) Skoðunarmenn reikninga eru Árni Siemsen eins og síðastliðin ár en annan vantar með honum.. Ingimar tilnefnir Ársól Clöru Arnardóttur en hún kveðst of upptekin. Pétur Stephensen tilnefnir Kristján Örn Eliasson og var hann kjörinn einróma af þinginu.

17) Val fulltrúa á íþróttapings er vísað til stjórnar.

18) Önnur mál. Kristján óskar Erni velfarnaði og vonast til að sjá hans stefnumál fljótlega. Kveðst svo ósáttur við (annað en í tengslum við landsbyggðarsjónarmið) að menn geti kosið fyrir fleiri en einn. Telur einnig að kjósa ætti um 1., 2. og 3. varamann fyrir skýrleika.

Sigurður Eiríksson hefði viljað formleg umboð fyrir öllum atkvæðum. Vill helst borðtennisþing á hverju ári, m.a. vegna samþykktar á ársreikningi. Ítrekar málið um að borðtennissambandið fái starfsmann.

Pétur Stephensen tekur til máls og telur að ekki sé rógur og slæmt umtal undanfarið.

Skúli Gunnarsson segir sem formaður þess félags þar sem flestir iðkendur eru að hann vildi gjarnan að skráðir 150 keppendur KR væru bara 5% af heildarkeppendafjölda en ekki 30% eins og nú væri.. Vill kveða niður alla orðróma um að KR hafi verið með eitthvað leynimakk eða skotgrafahernað hér í dag eða í hans stjórnartíð. Hann viti ekki af neinu slíku. Kveðst alltaf reiðubúinn að ræða málin, gera góða hluti og eiga gott samstarf. Þakkar svo fráfaramandi stjórn fyrir vel unnin verk. Ekki alltaf sammála stjórn en mjög ánægður með hvernig stjórn hafi tæklað málin.

Nýr formaður, Örn Þórðarson kom upp í pontu. Hann þakkaði traustið og óskaði eftir góðu samstarfi aðila í hreyfingunni næstu tvö ár.

19) Ávarp formanns stutt hér að lokum. Vonsvikinn yfir að ekki sé kona í stjórn en hafnar því sjónarmiði að hvert félag þurfi sinn fulltrúa í stjórn. Stjórnarmenn eigi að vinna að hagsmunum heildarinnar en ekki vera hagsmunaaðilar síns félags innan stjórnar. Hann óskaði nýjum formanni og stjórn til hamingju með kosninguna og sagði að fráfaramandi stjórn muni veita nýrri stjórn allt það liðsinni sem hún þarf og styðja

hana til góðra verka.

20) Ingimar sleit þinginu með góðum orðum.